



haskolanemar.is

## BÓKUN 1

### **Framkvæmdastjórn | 17.3.17**

Aldís vill bóka að framkvæmdastjórn hrindi af stað ferli þar sem árgjöldin verða endurskoðuð, í samvinnu við aðildarfélögin á nýju starfsári.

## BÓKUN 2

### **Framkvæmdastjórn | 18.3.17**

Aldís vill bóka að það verði gerð lagabreytingartillaga um frest á það ef að aðildarfélög vilja að mál verði tekin fyrir á landsþingi. Þá geti fundargögn fylgt og hin aðildarfélög geta undirbúið sig fyrir umræður sem verða betri fyrir vikið.

## BÓKUN 3

### **Framkvæmdastjórn | 18.3.17**

Aldís vill bóka að framkvæmdastjórn fari í samvinnu við aðildarfélögin í endurskoðun á því hvernig þingið er fjármagnað og öll atriði tengd því.

SHÍ: Ragna: Sammála og ætla bara að bæta við að fjöldi áheyrnafulltrúa verði skoðaður með tilliti til fjárframlags aðildafélaga bæði hvað varðar skipulagningu þingsins og aðildargjöld.

SFHR: Erna: Í þessu samhengi þarf einnig að skoða hversu opið/lokað þingið er. Hvort þingið sé aðeins fyrir þingfulltrúa, framkvæmdastjórn og nefndarmeðlimi eða hvort að aðildarfélög geti einnig sent áheyrnarfulltrúa og greitt sjálf fyrir þá og þeir taki þá þátt í þinginu en hafa ekki atkvæðisrétt.

## BÓKUN 4

### **Landsþing LÍS 2017 | 18.3.17**

Uppröðun fyrir næstu landsþing:

|                                  |                                  |
|----------------------------------|----------------------------------|
| <i>2013 FSHA</i>                 | 2019 SHÍ                         |
| <i>2014 NFHB</i>                 | 2020 SFHR                        |
| <i>2015 SHÍ</i>                  | 2021 FSHA                        |
| <i>2016 SFHR</i>                 | 2022 NFHB, NLBHÍ, NLHÍ, SH, SÍNE |
| <i>2017 FSHA</i>                 | 2023 SHÍ                         |
| 2018 NFHB, NLBHÍ, NLHÍ, SH, SÍNE | 2024 SFHR                        |

Bókun um fjármagn og fyrirkomulag tengt landsþingi:

Landsþing LÍS 2017 leggur til bókunar að Nemendafélag Háskólans á Bifröst, Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands, Nemendaráð Listaháskóla Íslands, Stúdentafélag Hólaskóla og Samband íslenskra námsmanna erlendis haldi saman Landsþing LÍS 2018 með þeim fyrirvara að stjórnir fyrrgreindra aðildarfélaga samþykki það.

Þingið leggur því til eftirfarandi röð á umsjón aðildarfélaga með Landsþingi LÍS sem æskilegt er að framfylgja liggi ofangreint samþykki fyrir.

Að auki leggur þingið til bókunar að LÍS reyni eftir bestu getu að fjármagna landsþing samtakanna en að útistandandi kostnaður dreifist á aðildarfélög eftir hlutfalli fjölda þingfulltrúa þeirra. Jafnframt leggur þingið til að LÍS greiði fyrir fulltrúa í framkvæmdastjórn og vísar til fyrri bókunar 18. mars um greiðslufyrirkomulags nefndarmeðlima og annarra áheyrarfulltrúa á Landsþingi LÍS.

Von þingsins er sú að gert sé ráð fyrir því í fjárhagsáætlun LÍS í framtíðinni að LÍS

**LÍS**  
**Landssamtök íslenskra stúdenta**  
**The National Union of Icelandic Students**  
Established 2013



[haskolanemar.is](http://haskolanemar.is)

greiði fyrir Landsþingið og litið verði til fyrirkomulags hjá ESU við endurskoðun skipulags Landsþings LÍS.